

umrædd íbúð hafi verið óleigufær á tímabilinu frá 1. október 1938 til 1. október 1939, og með því að ábyrgð stefnds er aðeins miðuð við það tímabil og vanskil ekki orðin sérlega stórkostleg, er því lauk, þá þykja þessar varnarástæður stefnds ekki hafa við rök að styðjast. Verður því að telja ábyrgðarskuldbindinguna í gildi fyrir það tímabil, er hún gildir fyrir, eða til 1. október 1939. Til þess tíma nam skuld ekkjunnar kr. 160.00, og verður að dæma stefndan til greiðslu hennar án vaxta, en eftir atvikum þykir þó málskostnaður eiga að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Karel Hjörtþórsson, greiði stefnandanum, Magnúsi Guðbjartssyni, kr. 160.00 innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum, en málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 20. október 1943.

Nr. 102/1942. Réttvísir (Egill Sigurgeirsson)

gegn

Kristni Guðmundi Guðbjartssyni

(Theódór B. Lindal).

Setudómari hrl. Sveinbjörn Jónsson
í stað próf. Ísleifs Árnasonar.

Maður dæmdur til refsingar og bótagreiðslu vegna líkams-
áverka.

Dómur hæstaréttar.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hefur farið fram ýtarleg framhaldsrannsókn í máli þessu. Stefán Guðmundur Stefánsson hefur verið kvaddur fyrir dóm af nýju. Fullyrðir hann staðfastlega, að meiðsl þau, er í málinu greinir, hafi hann hlotið af völdum ákærða laugardagskvöldið 20. des. 1941, er ákærði veittist að honum í veitingastofu hans, eins og lýst er í héraðsdóminum. Framburð þenna hefur Stefán staðfest með eiði. Nokkur vitni hafa verið leidd í málinu eftir uppsögu héraðsdóms, þar á meðal nánasta venzla- og samverkafólk Stefáns. Telur fólk þetta sig hafa orðið vart meiðsla hans kvöld eitt nokkru fyrir jól, og hafi hann þá látið þess getið, að meiðslin hafi hann hlotið í

ryskingum í veitingastofunni. Eitt vitnið, Magnea Ólafsdóttir, kveður Stefán þá hafa sagt sér, að meiðslin hafi hann hlotið af völdum ákærða, og hefur hún staðfest þann framburð með eiði. Læknir sá, Ófeigur Ófeigsson, er Stefán leitaði til mánudaginn 22. des. 1941, hefur þá skráð í sjúkra-skrá sína eftir Stefáni: „Á laugardagskvöld (20. þ. m.) hrinti maður honum áfram, svo að h. þumall rakst í hlera, sem hann (Stefán) ætlaði að opna.“ Kveðst læknirinn enga ástæðu hafa haft til að rengja frásögn Stefáns um, hve gamalt meiðslið væri. Telur hann lækna vel geta séð, hvort meiðsl sé hálf annars sólarhrings gamalt eða hvort einhverju verulegu munar til eða frá um aldurinn. Samkvæmt framansögðu telst sannað, að meiðsl Stefáns hafi hlotizt af því, er ákærði í reiði hratt honum á undan sér á afgreiðslu-borðið, og að þessar afleiðingar verði að telja ákærða til gáleysis.

Með framangreindum athugasemdum þykir mega stað-festa héraðsdóminn. Ákærða ber að greiða allan áfrýjunar-kostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verj-anda í hæstarétti, 500 kr. til hvors.

Þvi dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærði, Kristinn Guðmundur Guðbjartsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin mál-flutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæsta-rétti, hæstaréttarlögmannanna Egils Sigurgeirssonar og Theódórs B. Linds, kr. 500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 30. júní 1942.

Ár 1942, þriðjudaginn 30. júní var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var á skrifstofu réttarins af Jónatan Hallvarðssyni saka-dómara, uppkveðinn dómur í málinu nr. 1355/1942: Réttvisin gegn Kristni Guðmundi Guðbjartssyni, sem tekið var til dóms 15. sama mánaðar.

Mál þetta er af réttvisinnar hálfu höfðað gegn Kristni Guðmundi

Guðbjartssyni vélstjóra, til heimilis á Óðinsgötu 25 hér í bæ fyrir brot gegn XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940.

Ákærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 18. september 1895, og hefur, svo kunnugt sé, sætt þessum kærnum og refsingum:

Í Reykjavík:

1920 $2\frac{1}{2}$ Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1927 $2\frac{1}{4}$ Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1937 $1\frac{1}{4}$ Sátt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1937 $1\frac{1}{2}$ Sátt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Á Ísafirði:

1921 $1\frac{1}{2}$ Sátt: 75 kr. sekt fyrir ölvun.

1923 $2\frac{1}{4}$ Sátt: 50 kr. sekt fyrir brot á 8. gr. 2. mgr. lögreglusamþykktar Ísafjarðar.

1923 $1\frac{1}{2}$ Dómur: 100 kr. sekt fyrir sams konar brot.

Á Siglufirði:

1932 $2\frac{1}{4}$ 30 kr. sekt fyrir mótfroa við lögregluna.

Málavextir eru þessir.

Laugardagskvöldið 20. desember s. l. voru hjónin Guðrún Þorvarðardóttir og Hermann Erlendsson, Kárastríg 8, að ganga niður Skólavörðustíg áleiðis niður í bæ. Þar mættu þau ákærðum, sem þau eru kunnug, og buðu honum heim með sér, og þáði hann það. Þau ákváðu að útvega sér bifreið til að fara í heim til hjónanna, og varð það úr, að Guðrún fór inn í veitingastofu Stefáns Guðmundar Stefánssonar á Skólavörðustíg 3 til að síma eftir bifreið. Þeir Hermann og ákærður urðu eftir úti á götunni, en þegar þá fór að lengja eftir Guðrúnu, gengu þeir inn í veitingastofuna.

Á þessum tíma var allveruleg sundurþykkja með ákærðum og Stefáni veitingamanni. Kvað svo að henni, að Stefán neitaði að selja ákærðum, börnum hans eða sambýliskonu nokkrar veitingar, og grandist ákærðum þetta mjög, og telur hann þetta óverðskuldada meinbægni af veitingamannsins hálfu.

Þegar þeir ákærður og Hermann komu inn í veitingastofuna, hafði Guðrún símað í þrjár eða fjórar bifreiðastöðvar, en enga bifreið fengið. Þá var það, að drukinn maður, Benedikt Sveinsson að nafni, sem þarna var inni, bauðst til að reyna að síma eftir bifreið fyrir þau, og þáðu þau það. Benedikt tók nú að síma, en þá kom Stefán veitingamaður að, sagði, að enga bifreið væri unnt að fá, Benedikt hefði ekki fengið símann léðan, tók af honum heyrnar-tólið, ýtti honum frá símanum og sagði, að honum væri bezt að hypja sig út, því að hann vildi ekki hafa drukkna menn inni í veitingastofunni.

Veitingamaðurinn ætlaði nú að ganga inn fyrir afgreiðsluborðið, en þá greip ákærður, sem, þegar hér var komið, var orðinn reiður

veitingamanninum, aftan í afgreiðslujakkakraga hans og ýtti eða hrinti honum á undan sér að afgreiðsluborðinu, svo að hann beygðist yfir það, og skammaði ákærður hann um leið. Hermann tók nú í ákærðan og bað hann að hætta þessu. Það gerði ákærður strax og gekk þegar út úr veitingastofunni með hjónunum. Þegar ákærður hratt Stefáni að afgreiðsluborðinu, kveðst Stefán hafa rekið hægri hönd sína í afgreiðsluborðið og meiðzt töluvert í henni. Hinn 22. des. leitaði hann til Ófeigs Ófeigssonar læknis með meiðsl þessi, og hinn 29. desember gefur læknirinn svo hljóðandi vottorð um meiðslin:

„Stefán G. Stefánsson, 53 ára, Skólav.sl. 3, kom til mín þ. 22. þ. m. vegna áverka á h. hendi, sem hann varð fyrir þ. 20. þ. m. Ég fann þá við skoðun mikla bólgu í öllum h. þumalfingri, þumalvöðva (thenar) og út á mitt handarbak. Mestallur fingurinn, allur þumalvöðvinn og úlfliður (sic) neðanverður var blásvartur af subcutan hæmatoma. Fingurinn var mjög aumur og grunur um brot. Daginn eftir var hann röntgenmyndaður, og kom þá fram ca. 1 cm langt brot á basalphalanx, og náði það inn í sjálfan liðinn.“

Hinn 16. apríl gaf lækrinn svolátandi vottorð um meiðsl þessi:

„Athugaði Stefán G Stefánsson, Skól. 3, í dag. Efri liður h. þumalfingers er talsv. fyrirferðarmeiri en sá vinstri og nokkur hreyfingarhindrun í liðnum, bæði við aktivar og passivar hreyfingar. Sjúkl. segist finna talsvert til, þegar reynt er á fingurinn, og finnst mér það trúlegt.“

Af ákærðs hálfu er því haldið fram, að Stefán hafi ekki hlotið meiðsl þessi fyrir tilverknað ákærðs í nefnt skipti, og á það er bent, að Stefán hafi ekki sýnt lækni meiðslin fyrr en 22. desember. Geti hann því hafa meiðzt á tímanum, frá því er nefndur atburður gerðist og þar til leitað var læknis. Það er að visu rétt, að viðstaddir tóku ekki eftir, að Stefán yrði fyrir meiðslum við hrindingu ákærðs, og ekki mun Stefán hafa lýst neinum meiðslum á hendur ákærðum á vettvangi. Hins vegar eru meiðslin þannig, að ekkert virðist óeðlilegt við það, að Stefán færi ekki með þau til læknis fyrr en raun varð á, þó hann hefði hlotið þau við hrindinguna. Þá er á það að lita, að það er einungis einn dagur (sunnudagur), sem Stefán lætur liða, áður en hann leitar læknis, og einnig, að ekki er óeðlilegt, að menn í tilfelli eins og hrindingu ákærðs reki hendina i. Eftir öllum atvikum þykir frásögn Stefáns hér að lútandi ekki verða vefengd. Hefur ákærði því orðið sekur við 218. gr. hegningarlaganna, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin varðhald í 20 daga. En rétt þykir að ákveða, að fullnustu refsingarinnar skuli fresta, og að hún skuli falla niður eftir 2 ár frá uppsögn dóms þessa, verði skilyrði VI. kafla hegningarlaganna haldin.

Stefán veitingamaður hefur krafizt, að ákærði verði dæmdur til

að greiða sér í skaðabætur vegna meiðslanna kr. 250.00, sem sé útlagður kostnaður sinn vegna þeirra. Þar eð hann hefur lagt fram skjöl, er sanna kostnað þenna, verður þessi krafa, þrátt fyrir andmæli ákærða, tekin til greina að öllu leyti.

Ákærðan ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun verjanda síns, hdm. Gunnars E. Benediktssonar, kr. 150.00. Rekstur málsins hefur verið vitalaus.

Þvi dæmist rétt vera:

Ákærður, Kristinn Guðmundur Guðbjartsson, sæti varðhaldi í 20 daga. En fresta skal fullnustu refsingarinnar, og niður skal hún falla eftir 2 ár frá uppsögu dóms þessa, ef skilorð VI. kafla hegningarlaganna eru haldin.

Ákærður greiði Stefáni Guðmundi Stefánssyni kr. 250.00 innan 15 sólarhringa frá birtingu dóms þessa.

Ákærður greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hdm. Gunnars E. Benediktssonar, kr. 150.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 22. október 1943.

nr. 70/1943. **Gunnar Guðmundsson** (Theódór B. Lindal)
gegn

Tryggva Helgasyni (Einar B. Guðmundsson).

Bætur vegna bifreiðarslyss.

Dómur hæstaréttar.

Sigurður Eggerz, bæjarfógeti á Akureyri, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 3. ágúst þ. á., krefst þess, að fjárhæð sú, sem dæmd var í héraði, verði lækkuð eftir mati dómsins, að málskostnaður í héraði verði látinn falla niður og honum dæmdur málskostnaður fyrir hæstarétti úr hendi stefnda eftir mati dómsins. Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.